



Uppbygging kjálka með beini frá mjaðmarkambi

Í aðgerðinni er efri kjálki byggður upp með beini frá mjaðmarkambi. Gerður er skurður í húð yfir mjaðmarkambinum öðrum megin og beinflis tekin úr honum innanverðum. Með öðrum skurði innan í munnholi er beinflisinni komið fyrir utan á efri kjálkabein og hún fest með litlum titánúmskrúfum. Aðgerðin er gerð í svæfingu.

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmedferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn vítamín og steinefni.

Næring

Gott næringarástand flýtir fyrir bata og getur minnkað líkur á fylgikvillum aðgerðar. Gott er því að huga að því að borða næringarrikan mat, taka inn vítamín og drekka orkuríka næringardrykki dagana fyrir aðgerðina.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá „Ráðgjöf í reykbíndindi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafarþjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is.

Aðstæður heima

Ef aðstæður heima fyrir eru þannig að þörf er á aðstoð eftir útskrift, er gott að huga að því fyrir eða strax við innlögn. Hjúkrunarfræðingar deildarinnar geta aðstoðað við að fá dvöl á sjúkrahóteli, fá heimilishjálp og/eða heimahjúkrun. Félagsráðgjafar aðstoða við það sem snýr að félagslegum réttindum og þjónustu.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Innskrift

Þegar aðgerðardagur nálgast er sjúklingur boðaður í innskrift á innskriftarmiðstöð á göngudeild skurðlækninga B3 á Landspítala í Fossvogi. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega eða lyfjakort. Þar fer fram viðtal við hjúkrunarfræðing, lækni háls-, nef- og eyrnalækninga og svæfingalækni. Spurt verður um heilsufar, gerð læknisskoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Gera þarf ráð fyrir að innskriftin taki 3–4 klukkustundir og fyrir hana þarf að greiða.

Rannsóknir

Tekið er blóðsýni og gerðar aðrar rannsóknir ef þörf er á, svo sem myndataka af kjálka, hjartalínurit og röntgenmynd af lungum.

Öndunaræfingar

Öndunar- og fótæfingar eru mikilvægir þættir í bataferlinu. Sjúkraþjálfari kennir æfingar sem gera á eftir aðgerðina.

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru.

Fyrir innlögn þarf að útvega sér:

- Klórhexidín munnskól (fæst í lyfjaverslunum)
- Mjúkan barnatannbursta (fyrir sjö ára)
- Blandara eða töfrasprota til að mauka mat eftir heimferð

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te. Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

Sturta með sótthreinsandi sápu

Nauðsynlegt er að fara í sturtu kvöldið fyrir aðgerð og nota sérstaka sótthreinsandi sápu sem er afhent í innskriftarviðtali. Ekki má nota svitalyktareyði, krem, fördunarvörur, naglalakk, ilmfeni eða skartgrip í sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum. Skipta þarf á rúmfötum áður en farið er í sturtuna.

Annar undirbúningur

Gott er að hafa með sér á spítalann snyrtivörur, tannbursta, inniskó, slopp, þægileg föt og afþreyingarefni ásamt heyrnatólum fyrir útlarp og sjónvarp. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Mæting er á dagdeild A5 Landspítala í Fossvogi (5. hæð) að morgni aðgerðardags. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við hjúkrunarfræðing eða lækni.

Á deildinni er aftur farið í sturtu og notuð sótthreinsandi sápa. Einnig þarf að bursta tennurnar vandlega og skola munn með Klórhexidín munnskoli.

Verkjalýf eru gefin áður en farið er á skurðstofu. Á skurðstofu eru settir upp æðaleggir sem notaðir eru við lyfja- og vökvagjöf. Einnig er settur þvagleggur í þvagblöðru. Aðgerðin er gerð í svæfingu og tekur að minnsta kosti fjórar klukkustundir. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Skurðlæknir hefur samband við aðstandanda að aðgerð lokinni ef þess er óskað. Gott er að hafa einn aðila úr fjölskyldunni sem tengilið við spítalann.

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild í nokkrar klukkustundir og þaðan á legudeild. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknun, en nánustu aðstandendum er velkomið að hringja.

Verkir

Búast má við særindum í munni og óþægilegt getur verið að kyngja fyrst eftir aðgerð. Einnig eru verkir í mjaðmarkambi óhjákvæmilegir eftir aðgerð sem þessa. Verkjalyf eru gefin reglulega og eftir þörfum. Deyfileggur er stundum settur í mjaðmarkamb í aðgerðinni til staðdeyfingar. Sjúklingur metur styrk verkja á verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Ef verkur er til staðar þrátt fyrir verkjalyf er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við. Markmiðið er að vera vel verkjastillt(ur), geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir			Vægir verkir		Miðlungs verkir			Miklir verkir		Gríðarlegir verkir

Öndun

Öndunaræfingar eru nauðsynlegar til að minnka hættu á lungnabólgu og mikilvægt er að gera þær eftir leiðbeiningum sjúkraþjálfara. Mikilvægt er að láta vita ef vart verður við andþyngsli eða óþægindi við öndun.

Skurðsár

Skurðsár er í munnnholi og á mjaðmarkambi. Saumar í munnnholi eyðast af sjálfu sér. Burstá þarf tennurnar með litlum mjúkum tannbursta og skola munn með Klórhexidín munnskoli þrisvar á dag. Til að minnka hættu á sýkingu er mikilvægt að skola munninn með vatni eftir máltíðir. Stundum er dofi í efri kjálka og tannholdi fyrst eftir aðgerð en hann hverfur oftast. Stundum er sett drenslanga í skurðsár á mjöðm en hún er yfirleitt fjarlægð daginn eftir aðgerð. Saumar eða málmhefti eru í skurðsárinu á mjöðm sem fjarlægðir eru um viku síðar.

Matur og drykkur

Ekki má nota gervitennur fyrr en sár í munni eru gróin, eftir 7 – 10 daga. Þangað til má einungis fá fljótandi mat, sem á að vera kaldur fyrsta sólarhringinginn. Eftir að saumar hafa verið fjarlægðir og gervitennur teknar aftur í notkun eru engar takmarkanir á fæði. Ekki má nota sogrör vegna sauma í munni. Þessar takmarkanir á mat eru til að verja skurðsvæðið og minnka hættu á blæðingu og að saumar rifni upp. Fyrir útskrift veitir næringarráðgjafi viðtal og ráðleggingar.

Þvaglát

Þvagleggur er fjarlægður eins fljótt og hægt er eftir aðgerð. Eftir það þarf að fylgjast með þvaglátum og láta vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og minnkar hættu á fylgikvillum eins og blóðtappa eða lungnabólgu. Höfðalag þarf að vera hækkað í 45 gráður fyrsta sólarhringinn eða lengur til þess að draga úr bólgu á skurðsvæði. Starfsfólk deildar og sjúkrabjálfi aðstoðar við framúrferðir meðan þörf er á. Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að nota hækjur fyrstu dagana eftir aðgerð til að auðvelda hreyfingu. Sjúkrabjálfi leiðbeinir um notkun á hækjum.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- útskriftafræðslu
- rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum
- endurkomutíma hjá lækni
- viðtal við næringarráðgjafa

Útskrift

Útskrift er áætluð 1-2 dögum eftir aðgerð og fer það eftir eðli og stærð aðgerðar. Ef fylgikvillar koma fram eftir aðgerð, getur það lengt sjúkrahúsdvölin. Mögulegir fylgikvillar eru til dæmis sýking, blæðing og/eða bólga í skurðsvæði.

Símanúmer

Innskriftarmiðstöð B3	543 2060
Dagdeild A5, opin virka daga kl. 7 til 22	543 7570
HNE, lýta- og æðaskurðeild A4	543 7354

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símunum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.